

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 7.12.2023
UST202302-128/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26. október 2023 – Hábrún, Skutulsfirði

Þann 26. október sl. fór fram eftirlit hjá Hábrún, Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik komu fram í eftirlit síðasta árs, er varða ákvæði í gr. 4.2 og 4.3 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun bárust fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og hefur frávikunum því verið lokað.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

Um meðhöndlun dauðfisks og annars sláturúrgangs gildir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um aukaafurðir dýra, sbr. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðir til manneldis. Matvælastofnun veitir frekari upplýsingar um meðhöndlun í samræmi við reglugerðina.

Rekstraraðila var bent á að fara yfir útreikninga á losun fosfórs og tryggja að þeir séu í samræmi við leiðbeiningar.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Skila skal árlega til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum skv.34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 5. júlí og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. desember n.k.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur